

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 24. mars 2023
Málsnúmer: 202302-0052
IAS

Efni: Umsögn um matsáætlun vegna efnistöku að Gandheimum.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 22. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna efnistöku að Gandheimum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og er með eftirfarandi ábendingar.

Fram kemur að Námufréttun ehf. áformi efnistöku í landi Gandheima í Hvalfjarðarsveit norðan við bæinn Geldingaá sökum fyrirsjáanlegs efnisskorts vegna mögulegra fyrirhugaðra framkvæmda á Vesturlandi. Nokkrar stórar efnisnámur eru í nágrenninu og þarf að mati Náttúrufræðistofnunar að færa betri rök fyrir þörfinni á meiri efnistöku áður en ný stór náma verður opnuð á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun telur að nægjanlega verði könnuð áhrif námuvinnslu á jarðfræði og ásýnd og tekur undir að ekki sé þörf á ítarlegri gróðurúttekt þar sem svæðið var gróðurlaus melur sem nýlega hefur verið græddur upp. Hins vegur er ekki tekið undir þá skoðun að umfjöllun um fuglalíf á fyrirhuguðu svæði og aðliggjandi svæðum sé óþörf. Val á mikilvægum fuglasvæðum byggði á ákveðnum viðmiðum (<https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/vidmid>) en þar með er ekki sagt að fuglalíf utan slíkra svæða sé á einhvern hátt ómerkilegt/fábreytt líkt og gefið er skyn í matskýrslunni; „*Samkvæmt skráningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi er fyrirhugað efnistökusvæði ekki tilgreint sem slíkt svæði. Í því ljósi er ekki talin þörf á umfjöllun um fuglalíf á fyrirhuguðu efnistökusvæði eða aðliggjandi svæði í matskýrslu*“.

Þvert á móti gæti verið töluvert um vaðfugla á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en þeir heyra flestir undir svokallaðar ábyrgðartegundir Íslands en þar er miðað við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum, Mikið er gengið á búsvæði þessara tegunda víða og ættu sveitarfélög að leitast til að taka tillit til þeirra við hvers kyns skipulag og er vísað til greinar Tómasar Grétars Gunnarssonar (2020) í því sambandi.

Ekki er heldur tekið undir það að ekki sé þörf á að meta frekar áhrif vegna foks. Í matskýrslunni segir: „*Samkvæmt vindatlas Veðurstofu Íslands, sjá mynd 5, eru austan- og*



suðaustanáttir ríkjandi á svæðinu. Ríkjandi vindátt er í átt að Skorholtsmelum, en vestan við fyrirhugað námusvæði er landsvæði sem liggur hærra í landi og ætla má að sú hækkun í landi myndi takmarka fok frá svæðinu að miklu leyti. Jafnframt er námusvæðið niðurgrafið og jaðar svæðisins uppbyggður sem myndar því skjól og dregur úr líkum á foki.“ Fyrirhuguð náma er það umfangsmikil að full ástæða er að kanna hættu á foki og hver áhrif þess kynnu að verða á nánasta umhverfi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

Heimildir

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur